



Fréttabréf AkureyrarAkademiunnar

nóvember 2023

Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í september sl. Góðar stundir!

Innanhúsfólk

Hér er sagt frá verkefnum tveggja einstaklinga sem eru með vinnuaðstöðu hjá AkAk.

a) **Fyrst íslenskra kvenna til að ljúka læknisprófi**

Þorgerður Anna Björnsdóttir, kínverskufræðingur, vinnur að rannsóknum á samskiptasögu Íslands og Kína og hefur hún m.a. kortlagt sögu Steinunnar Jóhannesdóttur Hayes (f. 1870). Þorgerður Anna var með fyrirlestur um þessa merkilegu konu á aðalfundi Kínversk-íslenska menningarfélagsins (KÍM) þann 1. nóvember sl. Steinunn var átján ára þegar hún flutti frá Íslandi til Vesturheims. Hún braust þar til mennta og varð fyrst íslenskra kvenna til að gegna embætti læknis að lokinni útskrift árið 1901, frá University of Southern California, School of Medicine. Steinunn varði starfsævinni í Kína sem trúboðslæknir í 40 ár á miklum umbýltingar- og átakatíma í sögu landsins.

b) **G.W.F. Hegel: Skynsemin í sögunni**

Nýlega kom út hjá Hinu Íslenska Bókmenntafélagi sem Lærdómsrit bók þýska heimspekingsins G. W. F. Hegels [Skynsemin í sögunni](#) í þýðingu Arthúrs Björgvins Bollasonar og Prastar Ásmundssonar sem einnig ritar inngang að bókinni. Bók Hegels er inngangur hans að söguheimspeki og er að einhverju leyti líka hugsaður sem almennur inngangur að heimspeki hans. Þröstur vann að þýðingunni og ritun inngangsins hjá AkAk.

Bakarís-fyrirlestur

Steinunn A. Ólafsdóttir, lektor við heilbrigðisvísindasvið HÍ, og félagi í AkAk, var með fyrirlestur þann 12. október sl. í Brauðgerðarhúsinu í verslunarmiðstöðinni við Sunnuhlíð þar sem hún kynnti doktorsrannsókn sína sem hún varði við HÍ árið 2021, en rannsóknin er um færni og aðstæður einstaklinga sem hafa fengið heillaslag og leiðir til að öðlast færni á ný. Fyrr á þessu ári fór AkAk af stað með bakarís-fyrirlestra en þeir eru samstarfsverkefni okkar og Brauðgerðarhússins í Sunnuhlíð. Markmiðið er að kynna verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk, bjóða upp á viðburði í Sunnuhlíð og gefa bæjarbúum tækifæri til að fræðast og spjalla um fjölbreytt viðfangsefni. Framhald verður á bakarís-fyrirlestrunum á nýju ári.

Doktorsvörn

Þann 18. október sl. varði Bergljót Prastardóttir, lektor við Kennaradeild Háskólans á Akureyri og félagi í AkAk, doktorsritgerð sína í menntavísindum við Deild menntunar og margbreytileika við Háskóla Íslands. [Doktorsritgerðin](#) ber heitið: *Making Sense of Gender in Compulsory School Practices in Iceland* — *Kyngervi í grunnskólastarfi á Íslandi*. Við óskum Bergljótu innilega til hamingju með doktorsvörnina.

Þekkingarþing

Þann 26. október sl. var haldið Þekkingarþing í húsnæði Háskólans á Akureyri þar sem fulltrúar frá háskólum, háskólasetrum og þekkingar- og fræðasetrum á Norður- og Austurlandi kynntu starfsemi sína og ræddu um mögulegt samstarf til framtíðar: Háskólinn á Hólum, Samtök sveitarfélaga á Norðvestur- og Norðausturlandi, AkureyrarAkademían, Þekkingarnet Þingeyinga, Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum/Þjóðfræðistofa, Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Húsavík, Austurbrú á Egilsstöðum, Textílsetrið á Blönduósi og Háskólinn á Akureyri. Rætt var um hvernig hægt væri að vinna saman, hvað væri sameiginlegt, hvað aðskildi viðkomandi stofnanir og hugað var að næstu skrefum í mögulegu samstarfi. Sköpuðust lifandi, áhugaverðar og skemmtilegar samræður og verður spennandi að halda umræðunni áfram.

Ásýnd Akureyrar: Stiklað á stóru um upphaf trjáræktar á Akureyri

Fjórði og síðasti fyrirlesturinn á þessu ári fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa fór fram 27. október sl. en þá var Tryggvi Marinósson, garðyrkjufræðingur, með fyrirlestur í salnum á Hlíð um merk tré á Akureyri, upphaf trjáræktar í bænum og um áhrif trjágróðurs og grænna svæða á ásýnd bæjarins. Frá árinu 2016 hefur AkAk boðið íbúum heimilanna upp á fyrirlestra sem eru líka opnir fyrir aðra bæjarbúa. Markmiðið er að bjóða upp á fræðandi fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni með aðgengilegum og áhugaverðum hætti. Menningar- og viðurkenningasjóður KEA styrkir fyrirlestraröðina á þessu ári.

Samstarfssamningur endurnýjaður

Háskólinn á Akureyri og AkureyrarAkademían hafa endurnýjað [samstarfssamning](#) sín á milli til næstu þriggja ára. Markmið samningsins er m.a. að efla samstarf milli samningsaðila og stuðla að sem bestri nýtingu sérfræðiþekkingar, kunnáttu, efniviðs og aðstöðu sem þeir búa yfir. Á liðnum árum hefur samstarf HA og AkAk verið gott og farsælt. Við hjá AkAk fögnum endurnýjun samningsins og hlökkum til frekara samstarfs við HA.

Málþing um umhverfis- og loftslagsmál á Akureyri

Um 70 gestir sóttu [málþingið](#) „Á brún hengiflugsins?“ í Menningarhúsinu Hofi þann 4. nóvember sl. sem var haldið í samstarfi Akureyrarbæjar og AkureyrarAkademiunnar. Á málþinginu var fjallað um stefnu Akureyrarbæjar í umhverfis- og loftslagsmálum og það sem þurfi að gera hér í bænum til að takast á við loftslagsvána. Inngangserindi fluttu Rut Jónsdóttir, forstöðumaður umhverfis- og sormála hjá Akureyrarbæ, og Stefán Gíslason, stofnandi og eigandi UMÍS ehf. Environice. Pallborðsumræður voru tvískiptar þar sem annars vegar voru dregin fram viðhorf unga fólksins til umhverfis- og loftslagsmála og hins vegar var lagt almennt mat á stöðuna og horft fram á veginn. Eftir hvort pallborð um sig var gefinn kostur á spurningum úr sal og sköpuðust frjóar og fjörmiklar umræður. Segja má að helstu niðurstöður málþingsins hafi verið að kominn sé tími til að tala minna en framkvæma meira. Gestir í pallborði lögðu áherslu á að sett verði fram raunhæf aðgerðaráætlun sem hægt er að vinna

eftir, að fræðsla allra aldurshópa verði eflid til mikilla muna, flokkun, endurnýting og hringrásarhagkerfið verði sett í forgang, almenningsangöngur verði eflidar sem og stígakerfi, og síðast en ekki síst að auknum fjármunum verði varið til umhverfis- og loftslagsmála með skýrri forgangsröðun.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang <https://www.akak.is/is>
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímsdóttir akak@akak.is